



HÍFINGARKROSS

Ingvar Svavarsson

2013

Lokaverkefni véliðnfræði

Höfundur: Ingvar Svavarsson
Kennitala: 160683-4069
Leiðbeinandi: Karl Ingi Sveinsson

Tækni- og verkfræðideild
School of Science and Engineering



Tækni- og verkfræðideild

Heiti verkefnis:

Híflngarkross

Námsbraut:

Véliðnfræði

Tegund verkefnis:

Lokaverkefni í iðnfræði

Önn:

Vor 2013

Námskeið:

VI-lok 1006

Ágrip:

Verkefnið fjallar um lausn vandamáls við híflngu á formhring við ásuðu skauta bræðsluofns Elkem Ísland. Vinna þessi er framkvæmd af fyrirtækinu GT-Tækni á Grundartanga.

Vandamálið liggur í því að ekki er alltaf hægt að hífa hringinn vegna ónægrar lofthæðar. Höfundur telur þörf á einhverjum varanlegum breytingum á búnaði þessum og/eða vinnu fyrirkomulagi.

Í verkefninu veltir höfundur upp nokkrum möguleikum að búnaði sem geta leyst þetta vandamál. Höfundur velur svo álitlegustu leiðina út frá eigin mati sem er híflngarkross með rafmagstálum.

Höfundur:

Ingvar Svavarsson

Umsjónarkennari:

Jens Arnljótsson

Leiðbeinandi:

Karl Ingi Sveinsson

Fyrirtæki/stofnun:

Háskólinn í Reykjavík

Dagsetning:

13.05 2013

Lykilorð íslensk:

Lykilorð ensk:

Dreifing:

opin

lokuð

til:



Formáli

Verkefnið var unnið sem lokaverkefni í véliðnfræði frá Háskólanum í Reykjavík vorið 2013. Höfundur starfar nú sem verkstjóri hjá GT-tækni á Grundartanga en hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan vorið 2002. Hugmyndin að verkefninu kviknaði við vinnu höfundar þar.

Í verkefninu leitast höfundur við að finna úrlausn vandamáls við hífingu á formhring við ásuðu skauta fyrir Elkem ísland en GT-Tækni annast það verkefni. Sérstakir þakkir vil ég veita leiðbeinanda mínum Karli Inga Sveinssyni, umsjónarkennara mínum Jensi Arnljótsyni, Helga Axel Svavarssyni auka leiðbeinanda og Bryndísi Gylfadóttir prófarkarlesara.



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Vandamál	2
2	Forathugun.....	3
3	Hugmyndir að úrlausnum	4
3.1	Lausn með tjökkum.....	4
3.2	Lausn með talíum.....	6
3.3	Lausn með keyrslubúnaði	7
4	Val á lausnum.....	8
5	Hönnunarforsendur	8
5.1	Skauthólkar	9
5.2	Formhringur	10
6	Val á talíum	11
7	Híflngarkross	13
7.2	Samsuða I-bitu	16
7.3	Kranafesting fyrir krana	17
7.4	Suða fyrir kranafestingu.....	18
7.5	Hólkagrip.....	18
7.6	Suður fyrir hólkagrip	19
7.7	Talíufestingar	20
7.8	Samsuða talíufestinga.....	24
7.9	Endanleg útfærsla	25
8	Útreikningar	27
8.1	Útreikningar á I-bitum	27
8.2	Samsuða I-bitu	30
8.3	Samsuða talíufestinga við I-bitu.....	32
8.4	Talíufestingar	33
8.5	Samsuða talíufestinga.....	34
8.6	Kranafesting	34
8.7	Suða fyrir Kranafestingu	35
8.8	Hólkagrip.....	36
8.9	Suður fyrir hólkagrip.....	37
9	Smíðalýsing	39



9.1	Upplýsingaskrá.....	39
10	Prófanir	39
11	Listi yfir tákni og formúlu	40
12	Iðntölva	40
13	Kostnaðaráætlun	41
14	Lokaorð	42
15	Heimildaskrá	43
16	Myndaskrá	44
17	Viðaukar	45



1 Inngangur

Ásuða skauta er sem fyrr segir framkæmd af fyrirtækinu GT-Tækni fyrir Elkem Ísland. Verklag: Fyrst er skauthólkurinn smíðaður á verkstæði GT-Tæki en svo er hann híflður og soðinn á skauthólk sem fyrir er og gengur niður í ofninn. Í ofninum eru 3 skaut sem brenna að jafnaði 450 mm á sólarhring. Skauthólkurinn er 2000 mm á hæð, þannig þarf að sjóða nýjan hólk á hvert skaut á rétt rúmlega fjögurra sólahringa fresti. Þetta á sér þó undartekningar því stundum brotna skaut eða ofninn er keyrður á hærra álagi eða minna álagi þannig að þessir 450 mm eru meira þumalputtaregla en almenn regla.

Formhringurinn er hringur sem er notaður til að halda skauthólknum nákvæmlega hringlaga því skauthólkurinn er í raun bara þriggja millimetra valsaður stál hólkur sem gengur niður í ofninn til að forma skautmassan. Ýmiss búnaður heldur skauthólknum hringlaga neðar nær ofninum þar sem skautið bakast og verður til. Frá þessum búnaði og upp að þeim stað þar sem nýr hólkur er settur við eru að jafnaði um 3500 mm og aflagast þá skauthólkurinn mikið ef ekki er settur formhringur. Það er næstum ógjörningur að setja nýjan hólk við þann sem hefur aflagast.

Við laus þessa verkefnis var notast við eftirfarandi forrit:

- Microsoft Word
- Microsoft paint
- Autodesk Inventor Professional 2011
- Zelio Soft 2
- Snipping Tool

Tilvísanir:

- Töflubók fyrir málm og véltækni
- Fyrirlestrar námskeiða



1.1 Vandamál

Núverandi híflngarbúnaður er þannig að kross er hengdur við krana. Neðan úr krossinum hanga stroffur sem tengjast í formhringinn, síðan er formhringurinn losaður og allt dótið híft. Vandamálið við þetta er að lofthæðin er alls ekki nægileg og þarf því að forfæra margofter upp á stroffunum til að koma formhringnum alla leið upp í rétta hæð. Í þessu ferli skekkist hringurinn gjarnan á skauthólknum og herðist skakkur á þannig að hann gæti nokkuð auðveldlega dottið niður og valdið skaða á mönnum sem vinna við híflnguna. Oft er hringurinn ekki híflður alla leið og er hann oftar en ekki hertur einhverstaðar á leiðinni. Það er alls ekki gott verklag því að á hringnum eru öryggisfestingar sem húkkastr á efri brún skauthólksins svo að öruggt sé að hann falli ekki niður. Fyrir utan að þetta sé ekki öruggt er þetta líka tímafrekt miðað við ef hægt væri að hífa hringinn upp í einu togi en sá verkþáttur ætti ekki að taka nema rétt um mínutu. Þess í stað er þetta talsvert verk og í sumum tilfellum þegar skautið stendur hátt tekur þetta langan tíma og jafnvel ekki hægt að hífa hringinn nema um nokkra sentimetra. Svo þarf að koma aftur á verkstað til þess að athuga hvort hægt sé að hífa hringinn í endanlega hæð. Á þessum verkstað getur hitastigið oft verið um og yfir 49 gráður, mikið ryk og oft mikill hávaði. Við þessar aðstæður getur verkið verið mikil áraun fyrir starfsmenn og er það er því mikill ávinningur að geta betrubætt þetta verklag á einhvern hátt.

Skoðum aðeins þetta verklag út frá öryggiskröfum/reglum Elkem Ísland en mikið átak hefur verið gert í öryggismálum á síðustu árum sem er mjög jákvætt. Það verklag að setja ekki öryggishankana alltaf á þegar verið er að færa upp á stoffunum eða þegar formhringurinn er hertur á skautið til að varna því að hann falli niður getur ekki staðist öryggiskröfur fyrirstækisins, en vinna undir/við hangandi byrðum er með öllu bönnuð. Það gefur því augaleið að út frá öryggissjónarmiðum verður að breyta verklagi þarna.

Ef við lítum á hvort nægilegt sé að halda sömu vinnubrögðum en bæta við einhverjum öryggisbúnaði til að þetta standist öryggisreglur er það í sjálfum sér ekki mikið mál. Það má útbúa stroffur sem húkkastr á efri brún skauthólksins þegar þarf að festa hringinn eða einhver svipuð lausn. Þetta er eitthvað sem væri vel mögulegt en á hina höndina er það einhvað sem myndi tefja verkið eitthvað og þar að leiðandi væri það óhagstætt fyrir verktakann þar sem ásuðan er á föstu verði.

GT-tækni fær ákveðna upphæð fyrir hvern ásoðinn hólk og reynir því eðlilega að vera sem skemmstan tíma með hvern hólk/ásuðu. GT-Tækni hefur þannig mikinn hag af því að fá nýjan búnað til að auðvelda vinnuna og sem og að flýta eitthvað fyrir verkinu.



2 Forathugun

Forsendur fyrir því að geta byrjað að hanna voru einfaldlega teknar með vetvangskönnun og málbandi og sumpart að einhverju leyti eftir minni höfundar þar sem að höfundur hefur unnið þetta starf margoft.

Helstu forsendur eru:

Ummál skauthólks er 1800 mm.


Formhringur 1800 mm (innanmál) og 2100 mm (utanmál).

Formhringurinn þarf að hífast um 2000 mm í hvert skipti.

Hæð frá gólfi og upp í kranakrök er 4450 mm.

Æskileg suðuhæð er á bilinu 1300mm-1400mm frá gólfi miðað við meðalhæð starfsmanna (180 cm).

Efri brún á formhring þarf að vera 180 mm fyrir neðan efri brún skauthólksins.



Mynd 1 Yfirlits mynd af skautpalli


3 Hugmyndir að úrlausnum

Nokkrar hugmyndir komu upp að úrlausn verkefnisins og mun ég stuttlega lýsa þeim í kaflinum hér á eftir, bæði kostum og göllum að mati höfundar.

Einnig verða einfaldar skýringarmyndir látnar fylgja með en hlutföll á þeim yrðu kannski ekki alveg marktæk þar sem ekki er búið að hanna neina af þessum úrlausnum á þessu stigi.

3.1 Lausn með tjökkum

Þessi lausn gengur út á að nota ekki hlaupaköttinn en vera með formhringinn á tjökkum sem festast niður í gólf. Tjakkarnir verða að vera færnlegir eða í það minnsta hægt að taka þá frá vegna þess að skautið er alltaf á hreifingu upp eða niður. Það gæti verið ákjósanleg lausn að notast við lofttj akka vegna þess að ekki er skynsamlegt að vera mikið með glussa nálægt skautinu út af eldhættu og óþrifnaði. Þetta þurfa bara að vera lofttj akkar með tveggja metra slaglengd. Hentugt væri að nota fjóra tj akka en þannig ætti hringurinn að verða nokkuð stöðugur.



Mynd 2 Tjakk lausn

Kostir:

Tjakkar eru nátturulega mjög áreiðanlegur hífibúnaður og þó svo að búnaðurinn bili (slanga fer í sundur eða eitthvað þvíumlíkt) hrapar birgðin ekki niður heldur sígur einfaldlega rólega niður og lítil hætta skapast. Eins er kostur að þetta er staðbundinn búnaður og því ekki þörf á að flytja búnaðinn á milli skauta.

Gallar:

En það sem er líklega ekki sniðugt við þessa úrlausn er að skautið er ekki alltaf akkurat lóðrétt. Það á það til að skekkjast og ef skautið er talsvert mikið skakkt myndi formhringurinn væntanlega festast við skautið í híflngu (vegna þess að takkarnir hífa bara beint). Eins þyrftu tjakkarnir að vera talsvert lengri því ekki stendur skautið alltaf í sömu hæð þegar það er soðið. Þessi lausn er kannski ekki alveg sú hentugasta en samt ekkert alvitlaus.

3.2 Lausn með talíum


Hanna kross með rafmagnsspili/loftspili sem húkkast í hlaupaköttinn en hlaupakötturinn verður bara notaður til að koma búnaðnum á staðinn en ekki til að hífa hringinn sjálfan. Væntanlega væri betra að hafa netta víra í spilunum því þeir eru liðugri heldur en keðja og láta vírana koma á fjórum stöðum niður í formhringinn eins og núverandi kross er í dag, en hann er nokkuð stöðugur. Láta krossinn setjast á skautið en hífa með spilunum á krossinum.

Kostir:

Þetta ætti að geta virkað fínt og líst mér nokkuð vel á þessa hugmynd en það þarf að skoða hvernig spil er best að hafa. Vökvaspil koma ekki til greina vegna þess að áhættan er of mikil vegna leka og eldhættu. Það má alls ekki koma neinn vökví ofaní skautmassann, því er það er annað hvort loft eða rafmagnspil sem koma til greina. Eins er kostur með þessari útfærslu að geta sameinað krossinn til að hífa nýtt skaut á staðinn og eins til að hífa formhringinn.

Gallar:


Gæti verið svolítið fyrirferðamikið, óvíst hvort að þetta komist fyrir.



Mynd 3 Lausn með talíum

3.3 Lausn með keyrslubúnaði

Koma fyrir keyrslubúnaði í/á formhringinn. Búnaðurinn gæti verið gúmmíklædd hjól sem þrýstast upp að skauthólknúm sem væru driftengd og hringurinn einfallega keyrður upp. Virknin gæti verið eftirfarandi; fjórum hjólum, formuð eins og skautið, yrði þrýst upp að skautinu með tjakk sem svo myndu læsast í réttri stöðu. Mótor með gír (bremsu gír) myndi þá keyra hjólin þannig að hringurinn myndi keyrast upp. Fjartýring væri fyrir allan búnaðinn og á henni þyrfti að vera hægt að keyra alla mótorana í einu eða bara keyra einn í einu til að rétta hringinn af ef hann skekkist af einhverjum ástæðum. Þarna þyrftu að vera einhverjar öryggisstroffur eða eitthvað þvíumlíkt vegna þess að ef einhverjar dældir eða jafnvel óhreinindi væru á skauthólknúm gætu gúmmhjólinn misst grip og hringurinn fallið niður.



Mynd 4 Lausn með keyrslubúnaði

Kostir:

Þetta gæti verið mjög auðvelt og þægilegt í notkun

Gallar:

Gúmmihjólinn missa grip og hringurinn fellur niður hættulegt



4 Val á lausnum

Af þessum þremur hugmyndum vel ég hugmyndina 3.2 með krossinum og híflngarspilinu til að vinna með. Val mitt byggir á eftirfarandi: það er fljótt á litið ódýrasta lausnin og hún getur bæði nýst sem híflngar græja fyrir formhring og eins híflngarkross fyrir skauthólk. Auk þess ætti hún að spara talsverðan tíma í vinnu við ásuðuna.

Eins er kostur við þessa hugmynd að krossinn nýtist á öll skautin 3 í ofninum svo þarf bara að smíða einn svona kross sem síðan væri færður á milli skauta, í hinum tillögunum þyrfta að smíða eitt stykki á hvert skaut sem þar að leiðandi yrði dýrara.

Eins virðist það vera kostur við þessa lausn að ef það þarf að viðhalda búnaði á krossinum, eins og skipta um víra í talíum eða skipta um króka, er minnsta málið að fara með búnaðinn á verkstæði því krossinn er alveg laus frá skautunum þegar hann er ekki í notkun. Hinar lausnirnar eru hinsvegar fastar við skautið eða skautpallinn.

5 Hönnunarforsendur

Álagsforsendur sem híflngarkrossinn þarf að uppfylla er formhringurinn sem er um 300 kg. Einnig þarf hann að geta þolað það að hringurinn skekkist eitthvað og festist þannig að hann mætti því bera í það minnsta tvöfalda þyngd hringins. Eins þarf krossinn að geta borið skauthólkinn sem er um 615 kg. Spilið þarf að geta lyft formhringnum um tvo metra í það minnsta.

Það þurfa að koma fjórir vírar út úr spilinu og niður í hringinn eða vera með fjórar talíur, ein fyrir hvern híflngpunkt. Þá kemst ég upp með að geta notað standard vöru og notað tiltölulega litlar talíur sem vigta ekki nema um 12-15 kg hver. Þetta er vert að skoða nánar.

Annar kostur við að hafa sér talíu fyrir hvern punkt er að auðvelt væri að rétta formhringinn af ef hann skekkist af einhverjum ástæðum. Ein fjarstýring verður fyrir allar talíurnar og hægt að hífa allar samtímis eða eina í senn.

Fjóra talíur krefjast væntanleg einhverskonar iðntölvu til að stýra þeim eða þar að segja til að taka á móti skipunum frá fjarstýringu. Einnig þarf að finna fjarstýringu og


iðntölvu sem geta talað saman. Það er hægt að kaupa móttakara fyrir fjarstýringuna sem er svo hardvúruð inni iðntölvu.

Iðntalvan þarf væntanlega að hafa fjóra innganga og fjóra útganga. Það þarf að vera hægt að hífa og slaka hverri sjáfstætt sem gera 8 port, það þarf að vera hægt að hífa allar samtímis og slaka öllum samtímis líka en það gera þá 10 port samtals. Einnig er nauðsynlegt að hafa neyðarstopp svo þar bætist við eitt portið enn. Því þarf 11 port inn og 8 út þar sem neyðarstoppið vinnur væntanlega bara á forritið.

Mjög gott er að hafa þráðlausa fjarstýringu en þá þarf að standa við hringinn þegar hann er losaður og þegar hann er svo hertur aftur. Með þessu verklagi ætti híflngarnar að verða eins áhættu litlar og hægt er.

5.1 Skauthólkar

Skauthólkurinn er settur saman úr 16 einingum eða svokölluðum ribbum.



Mynd 5 Ribba

Hver Ribba er:

$$\text{Völsuð plata} \Rightarrow 0,360 \text{ M} + 0,375 \text{ M} \times 2 \text{ M} \times 3 \text{ mm} \times 7,8 = 35,28 \text{ kg}$$

$$\text{Flatjárn} \Rightarrow 0,08 \text{ M} \times 2 \text{ M} \times 6 \text{ mm} \times 7,8 = 7,68 \text{ kg}$$


$$\text{Úrklippur} \Rightarrow 0,06 \text{ M} \times 0,13 \text{ M} \times 3 \text{ mm} \times 8 \times 7,8 = 1,5 \text{ kg}$$

$$\text{Hver ribba er þá} \Rightarrow 35,28 \text{ kg} + 7,68 \text{ kg} - 1,5 \text{ kg} = 38,46 \text{ kg}$$

$$\text{Skauthólkurinn er þá} \Rightarrow 38,46 \text{ kg} \times 16 = 615,36 \text{ kg}$$

5.2 Formhringur

Næst er að reikna út þyngd formhringsins. Formhringurinn er smíðaður úr 15 × 150 mm flatstáli og sex 50 mm öxlum til að halda flatjárnunum frá hvort öðru. Svo er hann settur saman á 3 stöðum og overlappast hann þar um 500 mm við hver samskeyti. Á formhringnum er auk þess herslubúnaður til að losa og herða hringinn á skautið. Það er 500 mm langur Ø30 mm snitteinn með laggarskrúfgangi og tvær öflugar rær, hankar til að hengja formhringinn í og svo öryggishankar sem að hengjast á efri brún skautsins.



Mynd 6 Formhringur



Heilarlengd flatjárns =>

$$2100 \text{ mm} \times \pi + 3 \text{ mm} \times 500 \times 2 \text{ M} = 16195 \text{ mm}$$

Þyngdin er =>

$$0,15 \times 16,195 \times 15 \times 7,8 = 284 \text{ kg}$$

Þyngdin á öxlunum =>

50 mm öxull, 9 stykki hver og eru þeir 120 mm að lengd =>

$$9 \times 120 \text{ mm} = 1.080 \text{ mm heildarlengd á öxlum}$$

$$50^2 \times \pi / 4 \times 1.080 \times 7,8 = 16 \text{ kg}$$

Ég gef mér að loftlykill hangi í og einhver annar búnaður og bæti því við 20 kg.

Heildarþyngd formhrings =>

$$284 \text{ kg} + 16 \text{ kg} + 20 \text{ kg} = 320 \text{ kg}$$


Þá sést bersýnilega að skauthólkurinn er ráðandi þegar kemur að styrk krossins og verða því allir útreikningar að miðast við hann. Taliurnar munu einungis þurfa að hífa formhringinn. Þyngt skauthólksins er 615,36 kg eins og áður segir.

6 Val á talíum

Ég hef áhveðið að fara þá leið að nota fjóra talíur, eina fyrir hvern híflpunkt en valið byggi ég á því að þá er nokkuð einfalt að rétta hringinn af við híflingu. Reiknað er með að staðsetja þær alveg út á brún á krossinum þannig að átakið verði lóðrétt .

Nauðsynlegt er að byrja á að velja talíur áður en krossinn er hannaður vegna þess að krossinn verður að geta þolað það álag sem taliurnar eru að toga, eins þarf krossinn að þola það að taliurnar geti híft af fullu álagi án þess að neitt láti undan.

Myndin fyrir neðan gæti gefið hugmynd af hvernig krossinn gæti litið út.



Mynd 7 Hugmynd að krossi

Ekki er ólíklegt að hringurinn gæti einungis hangið í tveimur af fjórum talíum þannig að tvær talíur þurfa að geta borið hringinn og þar að leiðandi þarf krossinn á tveimur punktum að geta borið þyngdina sem fjórar talíur geta lyft.

Til er rafmagns talía hjá Fossberg Ehf sem lyftir 125 kg á einföldum vír en 250 kg á tvöfaldan vír. Þetta virðist vera mjög ákjósanleg stærð. Stærð talíu er: lengd 410 mm x breidd 142 mm x hæð 235 mm. Talíurnar ættu vel að komast fyrir á krossinum en hver talía vigtar 12 kg sem er mjög ásættanlegt. Lyftuhraðinn á talíunni er 5 metrar á mínútu þannig að híflngin ætti ekki að taka nema rétt rúmar 20 sek sem virðist vera góður hraði. Ekki er sniðugt að krossinn híflst of hratt öryggisins vegna en þetta er heldur enginn droll hraði.

Þessi talía er CE merkt og er frá framleiðandanum Seilzug í Þýskalandi. Þessar gerðir af talíum hafa verið keyptar til GT-tækni og gefist mjög vel.

Geng ég út frá því að nota þessa tilteknu talíu Frá fossberg.



Mynd 8 Talía

Seilzug elektrisch 125/250 kg

Linkur inn á heimasíðu seljanda

<http://fossberg.is/?prodid=1255>

Linkur inn á heimasíðu framleiðanda


<http://www.profitchevier.at/Werkzeuge-fuer-das-Revier/Seilzug-elektrisch-125-250-kg-200-400-kg-300-600-kg-495-990-kg::559.html>

7 Hífangarkross

Í þessum kafla verður farið í efnisval fyrir hífangarkrossinn, krossinn verður gróf styrktarreiknaður og efni valið í framhaldi af því og síðan hannaður út frá hentugleika og hönnunarálagi.

Nú er hægt að fara að burðapolsreikna krossinn. Ég veit að hann þarf að þola formhringinn sem 320 kg en það sem meira er þá þarf hann að þola það að allar taliurnar taki fullt álag. Hver talía tekur 250 kg sem þýðir að krossinn þarf að þola $250 \text{ kg} \times 4 = 1000 \text{ kg}$ auk öryggisstuðuls sem ákveðinn verður síðar.

Þar er bara einn festipunktur milli krossins og kranans í miðjum bita



Ef horft er á hlið krossins lítur álagsdreifingin á bitann nokkurnveginn svona út. Hver biti þarf að halda uppi 250 kg og heildar krókurinn sem hengir upp krossinn þarf að halda uppi 1000 kg.

Skynsamlegast er að reikna þetta sem heilan bita. Það er vegna þess að þetta er í krók á miðjunni en ekki fast þannig að ef átakið kemur öðrumegin á bitanum lyftist hinn endinn einfallega bara upp

Hugmyndin er að nota standard bita í þetta og finna einhvern hentugan I-bitu. Það er mun hagkvæmara og óþarfi að smíða bita ef hentugur standard biti er til.

7.1 I-bitar fyrir kross

Álagið á bitann mun koma á bláendann, þar sem innra þvermál formhringsins er 1800 mm og ytra þvermálið 2100 mm. Ég set festinguna eins utarlega á formhringinn og mögulegt er sem þýðir 2100 mm á milli álagspunkta.

Við þessa útreikninga gef ég mér að krossinn hangi í krananum fyrir ofan skautið og komi hvergi við skautið, þar að segja versta tilfelli og allt álagið kemur á krossinn. Þar sem það hanga talír beggja vegna á bitanum set ég hámark leyfða spennu í álagsflokk 3. Þessi biti er smíðaður úr stáli 235 JR þannig að leyfð hámarksspenna er 170 N/mm² og þar sem þetta er híflngarbúnaður myndi ég vilja sjá öryggisstuðul um 3.



Leyfileg beygjuspenna ætti því að verða =>

$$\sigma_{\text{leyf}} = 170/3 \Rightarrow 56,6 \text{ N/mm}^2$$

Skoðum fyrst Beygjutilviksáhrifin

$$F = 10000 \text{ N} \quad l = 2100 \text{ mm}$$

$$M_b = F \times l / 4$$

$$10000 \text{ N} \times 2100 \text{ mm} / 4 \Rightarrow 5250 \text{ N/mm}^3$$

Prófum að nota I PE 120 bita og sjáum hvernig honum reiðir af

Hann hefur $W_x = 53,0 \text{ cm}^3$ $W =$ miðpunkt mótstöðuvægi =>

$$\sigma_b = M_b / w$$

$$5250^3 \text{ N/mm}^3 / 53000 = 98,7 \text{ N/mm}^2$$

En þar sem þetta er kross þá kemur aldrei nema 5000N álag á hvern bita þannig að við getum =>

$$98,7 \text{ N/mm}^2 / 2 = 49,35 \text{ N/mm}^2$$

Öryggisfaktor með þessum bita verður því =>

$$170 / 49,35 = 3,44$$

Það er ásættanlegt og ég vel að nota IPE 120 bita.

Lítum á skerspennu =>

$$\text{Skerspenna } \tau_a = F / S \quad \tau_a = \text{Skerspenna} \quad F = \text{Þverskurður}$$

$$10000 / 1320 \text{ mm}^2 = 7,57 \text{ N/mm}^2$$

Þetta er það lág skerspenna að ekki þarf að spá frekar í það en beygjuspenna er þarna alsráðandi.

7.2 Samsuða I-bita

Þá er það næst að spá í samsuðu bitanna. Hentugasta aðferðin við að finna út samsuðuna er að nota einfaldlega þumalputtaregluna um efnisþykkt sinnum 0,8 skuli vera a-mál suðunnar.

Efnisþykkt bitans er 4,4 mm á lóðrétta kantinum og 6,3 mm á lárétta hlutanum sem segir okkur það að við lóðrétta kantinn verður suðan eftirfarandi.

$$4.4 \times 0,8 = 3,52$$


Þetta deilt með tveimur, þetta verður soðið beggja vegna.

$$3,52 / 2 = 1,76$$

Þá er nokkuð gott að námunda a-málið á 2.

Lárétta efnisþykktin er 6,3 mm og þar er um stúfsuðu að ræða. Best er nú að sjóða svona bita saman að utanverðu, skera skal fúgu í báða bitana þannig að þar myndist 60°-70° horn en skilinn er millimeter eftir. Sjá smíðateikningar.

Soðið er fullkomin gegnumsuða með 2 mm kúf ofaná.



Mynd 9 I-bitar í kross

7.3 Kranafesting fyrir krana

Næst eru það styrkreikningar á kranafestingu fyrir krana. Þar get ég beygt tein og soðið fastann í bitann eða jafnvel boltað hann ofan í krossinn. Allavega er best að festingin festist á alla fjóra hluta krossins þannig að álagið dreifist betur á bitana. Ég sker þetta út úr 10 mm plötu og set 100 mm gat í plötuna fyrir krana krókinn. Set svo 10 mm flatjárn til styrktar þannig að þetta sjóðist á alla fjóra bitana á krossinum. Þá prófa ég fyrst að hafa gatið 100 mm og ytri radíusinn á festi plötunni 150 mm en þá höfum við þverskurðarflatarmálið.

$$25 \text{ mm} \times 10 \text{ mm} = 250 \text{ mm}^2.$$


Þetta þarf að þola $4 \times 250 \text{ kg} = 1000 \text{ kg} = 10000 \text{ N}$, þarna getum við miðað við hreina togspennu

$$\sigma = F/S \quad \sigma = \text{Hámarsk Togspenna.} \quad F = \text{Togkraftur} \quad S = \text{þverskurður}$$

$$10000 \text{ N} / 250 \text{ mm}^2 = 40 \text{ N/mm}^2$$

Smíðum þetta úr st 235 JR og setjum það í álagsflokk 3 þannig að það má vera 150 N/mm². Næst tökum við $150 \text{ N/mm}^2 / 40 \text{ N/mm}^2 = 3,75$ þá er öryggstöðullinn 3,75 sem er stórfínt.

Myndin hér fyrir neðan sýnir uppkast af kranafestingu komna á krossinn.



Mynd 10 Kranafesting



7.4 Suða fyrir kranafestingu

Svo næst er það útreikningur á suðunni. Þar sem þetta eru 10 mm flatjárn er það $10 \times 0,8 = 8 \sim a8$. Þetta verður soðið beggja vegna $8/2 \Rightarrow a4$. Heildarlengd suðu verður $200 \times 2 \times 2 + 4 \times 10 = 840$ mm. Þverskuðurðarflatarmál suðu $4 \times 840 = 3360$ mm². Miðað er við að leyfileg spenna í suðu sé 20% minni en í smíðajárninu og við notuðum st235 JR í álagsflokki 3 sem þolir 150 N/mm²

$$150 \times 0,8 = 120 \text{ N/mm}^2 \quad \sigma_z = F/S$$

$$10000/3360 = 2,9 \text{ á N/mm}^2 \text{ sem er nú kannski full mikið í lagt.}$$

$$\text{Prófa að hafa } a2 \quad 840 \times 2 = 1680 \text{ mm}^2$$

$$10000/1680 = 5,9 \text{ N/mm}^2$$

Þetta er náttúrulega yfiringilega sterkt og við getum auðveldlega sleppt því að sjóða eitthvað af þessu en ég álit að það sé samt langbest að heilsjóða þetta og gefa þar að leiðandi hvergi séns á að þetta byrji að springa inn í suðuna.

$$\text{Öryggisstuðull á suðunni er } 120/5,9 = 20,3$$

Þetta er þá til frekari styrkingar á krossinum sjálfum.

7.5 Hólkagrip

Næst er að skoða möguleika á því hvort og þá hvernig við getum notað krossinn til að hífa skauthólkinn á sinn stað. Álitlegasta leiðin sem ég sé í fljótu bragði er að nota sömu aðferð og hefur verið notuð hingað til, það er að segja að tveir teinar ganga niður úr krossinum og húkkast í göt sem eru lokkuð í skauthólkinn. Til að losa krossinn frá skauthólknunum er krananum einfaldlega slakað niður og þeir ganga úr götunum. Í mesta lagi þarf að snúa krossinum aðeins. Ég ætti að geta notað núverandi hönnun í þetta en aðal vinnusparnaðurinn við þetta er að geta notað krossinn í að koma skautinu á sinn stað og hífa formhringinn með sama búnaðinum en ekki notast við tvö tæki eins og nú er gert. Ég prófa að nota tvo sextán millimetra teina í þetta og prófa að styrkreikna þá.


Hólkurinn er 615,36 kg og þetta er bara togspenna því að hólknum er einungis lyft upp og færður á sinn stað. Þetta reiknast þá eftirfarandi

$$s = \pi r^2 \quad 8^2 \times \pi = 201 \text{ mm}^2 \text{ og það sinnum tveir þar sem þetta eru tveir teinar} \\ 201 \times 2 = 402 \text{ mm}^2$$

$$\sigma = F/S$$

$$6153,6 \text{ N} / 402 \text{ mm}^2 = 15,3 \text{ það er mjög flott.}$$

Öryggistuðull er þá $150 / 15,3 = 9,8$ sem er bara snilld. Teinarnir þurfa að vera 350 mm að lengd og svo eru 50 mm beygðir í 135 gráður, legglengd er 300 mm. Myndin hér að neðan sýnir hvernig þetta mun líta út.



Mynd 11 Hólkagrip

7.6 Suður fyrir hólkagrip

Þá er vert að skoða hvernig skal festa teinana við krossinn. Götin fyrir hankana eru 100 mm fyrir innan ystu brún skauts og eru 130 mm að lengd, látum því hankana vera í miðjum götunum. Skautið er 1800 mm, svo eru 100 mm frá brún og í miðjuna á 130 mm gati, $1800 - 200 - 130 = 1470$ mm og þá hitta hankarnir í mitt gatið. Það er einfaldast að sjóða teinana upp í krossinn. Það er eingöngu togspenna sem ég þarf að reikna út. Þetta er 16 mm teinn og þar af leiðandi er hægt að sjóða þetta við rammann. Ég reikna a-málið, $16 \times 0,8 = 12,8$. Ég prófa að nota a-málið

$$12 / 2 + 16 = 22 \text{ mm er þá reiknað þvermál á a12 suða á 16 mm öxul}$$

$$\text{Ummálið er þá } 22 \times \pi = 69 \text{ mm og þverskurðar flatarmálið er þá } 12 \times 69 = 828 \text{ mm}^2$$

Reikna toqspennu =>

$\sigma_z = F/S$ $6153,6 \text{ N}/828 = 3,8 \text{ N/mm}^2$ sem er nátturlega alveg yfirdrifið, lækkum okkur í a8


$8 / 2 + 16 = 20 \text{ mm}$ er þá reiknað þvermál á a8 suða við 16 mm öxul.

Ummálið er þá $20 \times \pi = 62,8 \text{ mm}$ og þverskurðar flatarmálið er þá=>

$$8 \times 62,8 = 502,6 \text{ mm}^2$$

$6153,6 \text{ N} / 502,6 \text{ mm}^2 = 12,2 \text{ N/mm}^2$ þetta er enn mjög lágt en ef við skoðum leyfða toqspennu þá er það $150 \times 0,8 = 120 \text{ N/mm}^2$ og raun öryggistöðull er þá $120/12,2 = 9,83$ sem er nú bara þræl fínt. Læt þetta fara svona saman.

Fyrir neðan er mynd af því hvernig þetta mun líta út.



Mynd 12 Hugmynd af krossi

7.7 Taliúfestingar

Þá er næst að fara að huga að því að koma taliunum fyrir á krossinum. Ef ég ákveð að hafa taliurnar fyrir neðan bitana þarf að lengja í hólkagripunum (16 mm teinunum).

Hinsvegar ef talíurnar eru fyrir ofan bitana þá mega þær ekki fara ofar en sem nemur 200 mm fyrir ofan kranakrök því þá er komin hættu á að þær rekist upp í kranabrúnna. Eins þarf þá að gera einhverskonar festingar ofaná bitana.

Ef talían er fest neðan á krossinn þá minnkar vinnsluhæðin sem talíunni nemur, því er kannski rétt að prófa að festa henni ofaná bitana.

Málin á talíunni eru eins og áður segir:

Lengd 410 mm x breidd 142 mm x hæð 235 mm.


Talían þarf að koma í um ca 250 mm hæð frá bita út af rafmngnsköpplum og til þess að hafa smá rýmd til að festa hana með boltum. Talíurnar þurfa að ganga svolítið fram af bitunum þannig að bitana þarf líklega aðeins að stytta.

Á talíunum eru festingar sem gera ráð fyrir 60 × 60 prófílum þannig að ekki er vitlaust að reyna að nota þær festingar ef möguleiki er á.




Mynd 13 talía 2

Ég byrja á að reyna að hafa festingarnar allar úr 60 × 60 prófíl og sjáum hvernig það reiknast.



Eitthvað moment mun myndast á þessum prófil en sjáum hvort að þetta heldur.

Þar sem að þetta er smíðað úr 60 × 60 prófílum verður að breyta örlítið lengdunum þannig að myndin hér fyrir ofan sýnir minnsta mál á brakketinu en myndin hér að neðan sýnir málið sem notast verður við í útreikningum. Lengdirnar verða þá, 410 +30 og 250 +30 mm.



Vel að nota prófil með 8 mm veggþykkt.

Mótstöðuvægi hans er 23,2 cm³ samkvæmt töflubók.

Álagið sem kemur á 440 mm prófílinn er=>

$$2500 \text{ N} \times 440 \text{ mm} = 1100000 \text{ N/mm}^2$$

Til að finna vindings spennuna nota ég formúluna $\sigma_b = Mb/W$

$$W = \text{áslægt mótstöðuvægi} = 23,2 \text{ cm}^3$$

$$Mb = \text{vindingsvægi} = 1100000 \text{ N/mm}$$

$$1100000 \text{ N/mm} / 23200 \text{ mm}^3 = 47,4 \text{ N/mm}^2$$

Notast við álagsflokk 3 fyrir stál st235 JR en það á að þola 170 N/mm².

Raunverulegur öryggisstuðull er 170 / 47,4 = 3,5 sem er mjög gott.

Svo eru prófílarnir soðnir saman og er þá vert að prófa að nota þumalputtaregluna að efnisþykkt prófílssins × 0,8 sem gefur 0,8 × 8 mm = 6,4 mm. Prófa að reikna það út með a-máli 6.

Ég reikna með að þetta verði allt heilsoðið allan hringinn.



Þetta reiknast sem raun og veru nýr biti því að innra þvermál suðunnar er nokkurvegin ytra þvermál bitans.

$$Wx = Ay \times By^3 - ay \times by^3 / 6By$$

$$Ax = \text{ytra þvermál} \quad By = \text{Ytra þvermál} \quad ay = \text{innra þvermál} \quad by = \text{innraþvermál}$$

Þar sem þetta er a-mál 6 verður ytra þvermálið $60 + 6 + 6 = 72$ mm en innra þvermálið verður 60 mm.

$$72 \times 72^3 - 60 \times 60^3 / 6 \times 72 = 34836 \text{ mm}^3 \text{ þetta er áslægt mótvægi suðunnar.}$$

$$1100000 \text{ N/mm} / 34836 \text{ mm}^3 = 31,5 \text{ N/mm}^2$$

Leyfð beygjuspenna á suðum er 80% af leyfðri beygjuspennu smíðastálsins þar af leiðandi 80% af 170 = 136 N/mm².

Raunverulegur öryggistuðull verður þá $136 / 31,5 = 4,3$ sem er alveg stór fínt.

Næst er það svo að finna mómentið sem kemur á neðri bitann.

$$a^2 + b^2 = c^2$$

$$440^2 \text{ mm} + 280^2 \text{ mm} = \sqrt{272000} = 521 \text{ mm}$$

$$2500 \text{ N} \times 521 \text{ mm} = 1302500 \text{ N/mm}$$


Prófa að nota sama bita og síðast

$$Wx \text{ bitans er} = 23200 \text{ mm}^3$$

$$1302500 / 23200 = 56 \text{ N/mm}^2$$

Öryggistuðullinn verður þá $170 / 56 = 3,0$ sem er alveg stórfínt.

Ég nota þennan $60 \times 60 \times 8$ mm bita.



7.8 Samsuða talíufestinga

Svo þarf að sjóða prófílinn niður á l-bitann og ef ég nota a-málið 6 eins og síðast og nota mér útreikningana sem ég gerði þar þá var áslægt mótstöðuvægi suðunnar

$$W_x = 34836 \text{ mm}^3$$


Lengdin var 521 mm og álagið 2500 N

$$M_b = 1302500 \text{ N/mm}$$

$$1302500 \text{ N/mm} / 34836 = 37,3 \text{ N/mm}^2$$

Leyfð beygjuspenna er 80% af $170 \text{ N/mm}^2 = 136 \text{ N/mm}^2$


Öryggisstuðullinn er því $136 / 37,3 = 3,6$ sem er mjög ásættanlegt.



Mynd 14 Taliú festing

7.9 Endanleg útfærsla


Nú liggur það beinast við að stytta krossinn í stað þess að sjóða prófíllinn ofan á bitann. Það er gáfulegra að sjóða prófíllinn á endann á bitanum en þannig verða taliurnar neðar og krossinn minni um sig og léttari.



Mynd 15 Talfesting, hugmynd af samsetningu

Það sem gæti verið vandamál með þessa útfærslu eru hólkgripin (16 mm teinarnir) þeir gætu lent fyrir utan bitana en ég skoða það áður en ákvörðun verður tekin.

Hífieyrun koma yst á formhringinn þannig að þvermálið á milli þeirra verður 2100 mm og þurfa þá talíurnar að vera í samræmi við það. Heildarlengd á talíunni er 410 mm og vírinn á talíunni kemur niður 80 mm frá enda talíunnar sem segir okkur að við getum tekið 330 mm af bitanum. Ég nota 320 mm til að hafa smá frí bil svo talían sé ekki að nuddast nein staðar utaní. Bitinn styttest um 640 mm => $2100 - 640 = 1460$ mm. Ég ætlaði að hafa hólkgripin 1470 mm í þvermál en við færum þau bara inn um 5 mm hvoru megin og málinu reddað. Það er alveg nægilega mikið pláss fyrir það í götunum á hólkinum sem eru 130 mm. Nú er komin gáfuleg mynd á þetta að mínu mati.



Mynd 16 Kross 3

Með því að hafa notast við prófíla af stærð sem passar inn í orginal festingar á talíunum erum við í góðum málum mjög auðvelt er að kippa talíunum af og setja á sem er virkilega gott upp á viðhald að gera.

Þá er það nærsta vers að reikna þetta allt endanlega út því búnaðurinn hefur talsvert breyst eftir að leið á hönnunarferlið.

8 Útreikningar

Í þessum kafla verða gerðir endanlegir burðarþolsreikningar á krossinum þar sem allri hönnun er lokið.

Mikið af útreikningunum eru nú þegar búnir en ég verð að sannreyna þá miðað við breytta hönnun/útfærslu.


